

ADALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA **31. maí 2010**

Árskýrsla stjórnar, starfsárið 2009 - 2010

Ágætu félagar!

Á starfsárinu 2009 til 2010 hefur verið lögð áhersla á upplýsinga og fræðslustarf, en einnig hefur stjórnin opnað heimasíðu fyrir SÍP. Aðilar að SÍP eru nú 14 og hafa því litlar breytingar orðið frá fyrra ári.

Starfsemin á árinu.

Eitt af markmiðum Sambands íslenskra prófunarstofa er að halda kynningar og fræðslufundi fyrir félagsmenn.

Haldinn var kynningarfundur um starfsemi BSI á Íslandi þann 3. Febrúar sl.

Árni H. Kristinsson framkvæmdastjóri kynnti starfsemina og fjallaði m.a um faggilda vottun á stjórnkerfum og annað sem varðar fyrirtæki sem stunda prófanir og mælingar. Þátttaka var góð, eða um 20 manns.

Stjórnin hefur stuðlað að bættri menntun innan starfsgreinarinnar hvað varðar rannsóknarmenn og aðstoðarmenn á rannsóknarstofum. Haldið var námskeið í september sl. Námskeiðinu var ætlað að kynna verkefni og skyldur þeirra sem starfa á rannsóknastofum og fjallaði m.a um eftirfarandi: Öryggismál. - Sýnataka Meðhöndlun og skráning sýna. - Umgengni um tæki og búnað á rannsóknastofu. Meðhöndlun talna.- Rekjanleiki og geymsla á gögnum og niðurstöðum.

Endurbætur og viðhald á heimasíðu félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna, sjá: <http://icelab.123.is/>

Tengslin við EUROLAB og EuraCem hafa verið fólgin í þátttöku í aðalfundum þeirra og miðlun upplýsinga um evrópska prófunarstarfsemi. Að þessu sinni var valið að taka ekki þátt í aðalfundunum, fyrst og fremst vegna mikils kostnaðar.

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins

Stjórn og stjórnarfundir

Fjórir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar auk þess að vinna að heimasíðu félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt:

Aðalsteinn Arnbjörnsson Nýsköpunarmiðstöð Íslands, - formaður

Heiða Pálmadóttir Matís ohf, - ritari

Elísabet Sólbergisdóttir Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, - gjaldkeri

Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannvit hf

Stefán Björnsson, Össur h.f.

Reykjavík 28. maí 2010

Aðalsteinn Arnbjörnsson